

6. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins.

7. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum um meðferð og notkun á sprengiefnum greiðir hver þátttakandi gjald sem svarar til heildarkostnaðar námskeiðs hverju sinni deilt niður á alla þátttakendur. Á sama hátt reiknast þátttökugjald vegna námskeiða vegna notkunar naglabyssu og námskeiða um öryggismál í meðferð og stjórnun farandvinnuvéla.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera kr. 394,00

Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara kr. 158,00

Fyrir próf á aðrar vélar kr. 316,00

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera kr. 158,00.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 6/1983.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Íslafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði:

1. Bannað er að leggja bifreiðum á Torfnisvegi framan við aðalinngang Hlífar, íbúða aldraðra, á svæði, sem afmarkast af 5 metrum á hvorn veg frá miðlínu aðalinngangs, alls 10 metrum.
2. Gangbraut skal vera yfir Hafnarstræti á milli Túngötu og Skutulsfjarðarbrautar mitt á milli göngustíga frá sjúkrahúsunum, þar sem þeir liggja að Hafnarstræti.
3. Bannað er að leggja ökutækjum beggja vegna á Djúpvegi, þjóðvegi 61, frá Hafrafellshálsi að Brautarholti.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 11. maí 1983.

Pétur Kr. Hafstein.